



VALBÓK

2016 - 2017

Valgreinar 2016 - 2017

8.bekkur

Námsgreinar nemenda í 8. bekk skiptast í *kjarna og frjálst val*.

Í *kjarnanum* eru íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, tölvur, heimilisfræði, íþróttir, sund, hönnun og smíði, textíl, myndmennt og umsjónartími. *Kjarninn* telur 35 kennslustundir. *Frjálst val* eru **tvær stundir hvora önn** þannig að kennslustundir verða alls 37 stundir á viku.

9. og 10. bekkur

Námsgreinar hjá 9. og 10. bekk skiptast í *kjarna og frjálst val*.

Í *kjarnanum* eru íslenska, stærðfræði, enska, danska, samfélagsfræði, náttúrufræði, íþróttir, sund og bekkjartími, alls 31 kennslustund. *Frjálst val* eru 6 stundir hvora önn þannig að kennslustundir verða alls 37 stundir á viku.

Valblaði skal skila á skrifstofu skólans eigi síður en 18. apríl nk.

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein

Þeir nemendur sem stunda annað nám utan grunnskóla geta sótt um að fá það nám metið sem valgrein í 8., 9., og 10. bekk. Er þar t.d. átt við nám í tónlistarskóla, markvissa þjálfun hjá íþróttafélagi eða æskulýðsstarf (sjá í *Lögum um grunnskóla*, 26.grein nr. 91 frá 12. júní 2008.) Óski nemandi að fá slíkt nám metið sem valgrein verður foreldri/forráðamaður að skila inn umsókn og staðfestingu á náminu, íþróttaiðkun eða öðru **tvisvar á ári**, fyrir 15. september og 16. janúar. Með umsókninni þarf að koma fram tímafjöldi á viku, lýsing á námi, uppbygging og markmið.

Að lokum

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að með valinu geta þeir lagt eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Það er því afar mikilvægt að vanda valið og leita eftir aðstoð og samvinnu hjá foreldrum, kennurum og námsráðgjöfum. Skipulag kennslu næsta skólaár ræðst af vali nemenda og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að stundatöflur hafa verið birtar. Nemendur þurfa því að íhuga vandlega val sitt. Þeir verða að gera sér fulla grein fyrir hvað felst í vali þeirra, þeim kröfum sem gerðar eru um viðfangsefni, ástundun og vinnubrögð.

Upp getur komið sú staða að ekki er hægt að uppfylla óskir allra og því geta nemendur átt von á því að stunda nám í greinum sem ekki voru efst á vallaða þeirra. Sem dæmi getur fjöldi nemenda í valhóp og/eða tímasetning hópa í stundaskrá haft áhrif þar á. Ávallt er reynt eftir fremsta megni að verða við óskum nemenda.

Efnisyfirlit

Valgreinar 2016- 2017	2
Valgreinar í boði skólaárið 2016-2017 Hálftr árið	5
Hönnun og smíði 1	5
Hönnun og smíði 2 - Húsgögn.....	5
Sköpun og sjálfbærni.....	6
Skartgripasmíði.	6
Smíði og gjafir.....	7
Tálgun.....	7
Fatasaumur	8
Gjafaval - Textíl	8
Þæfing	9
Kortagerð	10
Grafík.....	10
Skrautskrift I.....	11
Skrautskrift II.....	11
Bakstur, eftirréttir og kökuskreytingar	12
Kan du lave mad?	12
Líkamsrækt	13
Knattspyrnuval fyrir stráka og stelpur.....	13
ZUMBA.....	13
Dans.....	14
Snyrtifræði og jákvæður lífsstíll.....	14
Miðlalæsi (Tölvur og tæki)	15
Fjármálalæsi.....	15
Ökunám	16
Þýska 1	17
Þýska 2	17
Spænska I og II	18
Blaða- og fréttamennska.....	19

Staða kvenna	19
Lýðræði og mannréttindi	20
Eðlisfræðival	20
Vinnustaðaval	21
Spil og gaman	21
Náms- og starfsfræðsla.....	21
Námstækni	22
Heimanám	22
Hugur og heilsa	23
Framhaldsskólaáfangar í fjarnámi	23
Valgreinar í boði skólaárið 2016-2017 ALLT árið	24
Málmsmíði.....	24
Skólahreysti	24
Íþróttافرæði	24
Útivist.....	25
Körfuboltaval	26
Myndmennt	27
Myndmennt	27
Leiklist	28
Tónlistarval	28
Fantasiur og vísindaskáldskapur	29
Árbók.....	30
Stuðningur í stærðfræði.....	30
Félagsstarf	31
Skólahljómsveit	31
Skólakór	31

Valgreinar í boði skólaárið 2016-2017

Hálft árið

Hönnun og smíði 1

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir



Skipulag kennslu í hönnun og smíðavali verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn á nálgun kennslunnar og þannig fengið að hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Mikil áhersla verður lögð á að kynna fyrir nemendum framtíðarmöguleika í menntun á sviði húsasmíði, húsgagnasmíði, hönnunar og sköpunar ýmiskonar.

Farið verður í tæknilega vinnu við verklýsingar og hönnunarteikningar, þá verður verkfæraþekkingu gerð góð skil ásamt líkamsbeitingu. Skylduverkefni er eitt - lampafótur unninn með áherslu á eigin hönnun og teikningu. Ýmist getur lampafóturinn verið renndur eða tálgaður.

Stefnt verður að því að fara í heimsókn í skóla sem bjóða upp á framhaldsnám tengt smíðum og hönnun auk þess sem farið verður á handverkssýningu.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Hönnun og smíði 2 - Húsgögn

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku á **vorönn**, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir

Framhald fyrir þá sem voru í Hönnun og smíði 1,



Skipulag kennslu í hönnun og smíðavali verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn á nálgun kennslunnar og þannig fengið að hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Mikil áhersla verður lögð á að kynna fyrir nemendum framtíðarmöguleika í menntun á sviði húsasmíði, húsgagnasmíði, hönnunar og sköpunar ýmiskonar.

Farið verður í tæknilega vinnu við verklýsingar og hönnunarteikningar, verkfæraþekkingu gerð góð skil ásamt líkamsbeitingu. Skylduverkefni er eitt húsgagn, t.d. hilla, borð eða kollur unnið út frá eigin hönnun og efniðviður að eigin vali. Ýmsum vinnuaðferðum getur verið beitt, mikil áhersla er lögð á hönnun og vinnuteikningar. Stefnt verður að því að fara í heimsókn í skóla sem nemendur velja sjálfir. Auk þess verður farið á handverkssýningu.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Sköpun og sjálfbærni

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir



Farið verður í undirstöður sjálfbærni í nútímapjódfélagi.

Hvað þýða orð eins og sjálfbær þróun, sjálfsþurftarþúskaður, geta til aðgerða og vistspor? Hvað getum við gert í tengslum við sköpun sem er í sátt við náttúruna?

Hér verður lögð áhersla á **endurnýtingu** efniviðar, notaður ferskur efniviður úr skóginum og nágrenninu auk annars sem við finnum, við hönnun og smíði smiðsgripa. Skylduverkefni verða tvö annars vegar endurnýting, uppgerður hlutur og hins vegar nýting á efnivið náttúrunnar í verkið, sköpun.

Hægt verður að gera upp gömul húsgögn, pússa, bólstra og lakka ýmist gamalt að heiman, úr Sorpu eða Góða hirðinum. Nemendur gera verkáætlun áður en verk hefst út frá ákveðnu viðfangsefni, þeir hanna og teikna og skrá hjá sér allt vinnuferlið ásamt því að vinna vinnuskýrslur.

Stefnt verður að því að fara í heimsókn í skóla sem bjóða upp á framhaldsnám tengt smíðum og hönnun, auk þess sem farið verður á handverkssýningu.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Skartgripasmíði.

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir



Í þessum áfanga verður farið í hönnun og smíði skartgripa af ýmsum stærðum og gerðum. Ýmis efniviður verður notaður, tré, málmur, plexíglar, skeljar, steinar og vírar. Nemendur gera verkáætlun áður en verk hefst út frá ákveðnu viðfangsefni, þeir hanna og teikna og skrá hjá sér allt vinnuferlið ásamt því að vinna vinnuskýrslur. Þeir læra að vinna með endurnýtingu efnis og ná í efni úti á vettvangi. Eitt skylduverkefni er í tengslum við fullunninn skartgrip önnur verkefni eru frjáls, útfærð út frá mismunandi efnivið. Fjölbreytt verkefni og vinnulag verður meginviðfangsefni áfangans. Skoðað verður hvað er það nýjasta í skartgripasmíði og hönnun bæði á netinu og nærumhverfi.

Stefnt verður að því að fara í heimsókn í skóla sem bjóða upp á framhaldsnám tengt listum eða smíðum og hönnun auk þess sem farið verður á handverkssýningu eða skartgripaverkstæði.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Smíði og gjafir

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir



Skipulag kennslu í gjafavali verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn og hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Hægt er að smíða hverskonar gjafir og eru skylduverkefni tvö, annars vegar lítil persónuleg gjöf unnin með tilliti til viðtakenda og hins vegar jólagjöf með jólaþema.

Ýmsar gjafahugmyndir eru til þar á meðal l'pad, símastandar og kringlóttar öskjur úr krossvið sem er sveigður til. Ýmsar tálgaðar gjafir, hnífar og sköft. Kökustandar, bollahaldarar, listaverk hverskonar, skartgripir, útskurður og leikföng. Þá getur kennari aðstoðað við mósaik, kertaföndur, leirvinnu og glerskurð svo eitthvað sé nefnt. Ýmsum vinnuaðferðum getur verið beitt en mikil áhersla er lögð á hönnun og vinnuteikningar.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Tálgun

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Margrét Lára Eðvarðsdóttir



Skipulag kennslu í tálgunarvali verður nokkuð frjálst þar sem nemendur fá að láta í ljós áhuga sinn og hafa áhrif á verkefnaval vetrarins. Hægt er að smíða hverskonar smá og stór verkefni og eru skylduverkefni tvö, annars vegar lítil tálgaður hlutur og hins vegar stór hlutur tálgaður að einhverju leyti og klofinn með exi. Hægt er að vinna hvers konar smíðaverkefni, göngustafi, mataráhöld, sköft og hnífa. Þá er hægt að búa til húsgögn, kolla og borð og setja saman blautan og þurran efnivið.

Nærumhverfið verður notað til efnisöflunar og fá nemendur innsýn í val á efnivið, fá að klippa, saga og fella tré til notkunar sjálfir með aðstoð kennara.


Ýmsum vinnuaðferðum getur verið beitt en mikil áhersla er lögð á hönnun og vinnuteikningar.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Fatasaumur

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir



Markmið: Nemandi öðlist færni í meðferð saumavéla og fái þjálfun í að sauma á saumavél og loksaumsvél. Nemandi læri að taka upp snið, gera breytingar á þeim, sníða og sauma flík. Öðlist færni í notkun á hugtökum sem tengjast saumaskap eins og þráðréttu, saumfari og merkingu á saumförum. Beiti réttum handtökum og læri að vinna sjálfstætt.

Lýsing: Nemandi vinnur með grunnþætti fatasaums, farið er í gegnum ferlið frá því að vinna út frá sníðablöðum, máltöku og að fullsauma flík.

Nemendur velja verkefni eftir getu í samráði við kennara. Flíkin verður þó að vera t.d. með vösum og rennilás. Nemandi þarf að skila möppu sem inniheldur máltöku, vinnulýsingu, skyssu af flíkinni, áætlun á efnisþörf og prufu af efninu.

Hóþinnlagnir með sýnikennslu og einstaklingsaðstoð, unnið er eftir skriflegum vinnulýsingum þegar það á við.

Námsefni: Hvernig á að sauma á saumavél, Saumað frá A-Z, úr einni flík í aðra. Sniðablöð og veraldarvefurinn. *(Ef nemendur eru með séróskir um efnisval gætu nemendur þurft að útvega efni sjálfir á eigin kostnað.)*

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Gjafaval - Textíl

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir



Markmið: Að nemendur öðlist færni í að hanna, útfæra og skapa eigulega hluti sem hægt er að nota t.d. sem jólagjafir/afmælisgjafir fyrir afa, ömmu, pabba eða mömmu.

Markmið kennslunnar er að nemendur saumi og hanni persónulegar gjafir og skreyti þær.

Lýsing: Nemandi vinnur 5-6 hluti, t.d. nálapúða/nálaveski, gleraughulstur, silhoutte mynd, merkisþjald fyrir töskur og barnaleikfang. Nemandi útfærir og skreytir hlutinn að eigin vali. Einnig getur nemandi komið með eigin óskir um val á hlutum. Við munum nýta gömul föt, blúndur, perlur, tölur og hvað sem hugmyndaflugið býður upp á. Ætlast er til að nemendur vinni heima þar sem einungis eru ætluð tvö skipti fyrir hvern hlut. Hópinnlagnir með sýnikennslu og einstaklingsaðstoð, unnið er eftir skriflegum vinnulýsingum þegar það á við.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Þæfing

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir



Markmið: Nemandi kynnist íslensku ullinni sem er samsett úr tveimur hárgerðum (þeli og togi) og merino ullinni. Öðlist færni í notkun á hugtökum sem tengjast þæfingu, beiti réttum handtökum og mismunandi aðferðum við þæfingu, þ.e. jafnt blaut sem þurr þæfingu (nálapæfingu). Nemandi læri að vinna sjálfstætt og fái að njóta sköpunargleðinnar.

Lýsing:

- Nemandi velur sér verkefni í nálapæfingu þar sem koma þarf fram samsetning tveggja forma (t.d. fætur á bók) sem eru þá hreyfanlegir og samsetning þar sem hlutir eru fastir saman.
- Nemandi velur sér verkefni í blautþæfingu þar sem kennt verður að hanna eða taka snið úr bók. Þæfi tösku/ skál / ljósaskerm.
- Nemandi blautþæfi flatt stykki sem verður síðan myndskreytt og sniðið úr því stykki t.d. utan um pressukönnur.
- Nemandi hanni eigin hlut/flík og útfæri hann, t.d. inniskó.

Námsgögn: Ullarkembur, nálar, parketundirlag til að búa til snið, bóluplast, úðabrúsar, sápa, tölvuvigt, margskonar smádót til skreytinga (perlur, blúndur, palliuttur) og útsaumsgarn.

Námsefni: ljósrit frá kennara, ýmsar bækur og veraldarvefurinn.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Kortagerð

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir og Elísabet Stefánsdóttir

Afmæliskort, brúðarkort, tækifæriskort, jólakort, boðskort og viðeigandi umslög.



Markmið: Nemandi tileinki sér fjölbreyttar aðferðir við gerð tækifæriskorta, brot á ýmiskonar umslögum og skrautskrifti á/í kortin.

Lýsing: Nemandi lærir aðferðir eins og irish folding, paper piecing, teabag folding, popup, origami, útsaum og vélsaum til skreytingar á kortum. Fjölbreyttur efniviður notaður jafnt nýr sem endurnýttur.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Grafík

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir



Nemendur kynna hinum ýmsu tegundum grafíkur og sögu grafíklistarinnar á Íslandi. Við lok áfanga geta nemendur nýtt sér þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem þeir hafa öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Geti tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Skrautskrift I

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir



A B C D E F G H I
K L M N O P Q R
S T U V W X Y Z &
a b c d e f g h i j k l m n o p q r
s t u v w x y z.



Kennd eru grunnatriði í skrautritun, æfingarhefti, bakgrunnsvinnsla og skreytingar. Lokaverk er dagatal sem inniheldur allar aðferðir sem kenndar eru. Við lok áfanga getur nemendi unnið sjálfstætt að einfaldri skrautritun.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Skrautskrift II

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku á **vorönn**, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir

Framhald fyrir þá sem voru í Skrautskrift 1,



Happy Birthday

© Can Stock Photo - csp15482681



Framhald af Skrautskrift I, farið er í fleiri leturtegundir, calligraphy-heimurinn skoðaður, nemendur vinna og þróa sitt eigið letur. Lokaverk er plakat/leturmyndverk, frjálst leturgerðarverk. Við lok áfanga getur nemandi unnið sjálfstætt að skrautritun.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Bakstur, eftirréttir og kökuskreytingar

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Kristín Sævarsdóttir



Markmið: Að nemendur þjálfist í mismunandi aðferðum baksturs, eftirréttagerð og kökuskreytingum. Þekki dreifingarleiðir örvera og aðferðir til að koma í veg fyrir fjölgun þeirra. Farið er yfir hreinlæti og að nemandi þjálfist í að beita kunnáttu til að varast tjón af völdum örvera. Kynnist helstu slysavörnum og öryggismálum sem eiga við og sýni samábyrgð, vilja og hæfni til að vinna með ólíku fólki.

Í þessu vali eru m.a. eftirfarandi verkefni:

- Franskar makkarónukökur
- Eftirréttir og kökur
- Kökuskreytingar með smjörkreminni, sykurmassa, ávöxtum og berjum
- Smákökur
- Konfekt

Námsefni: Ýmsar uppskriftir, efni á netinu og útbúið efni af kennara.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Kan du lave mad?

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Kristjana Hafliðadóttir



Markmið: Að nemendur þjálfist í að útbúa einfalda algenga rétti á dönsku.

Nemendur æfi færni í dönsku í gegnum verklega þáttinn. Mikil áhersla er lögð á talað mál en kennsla fer eingöngu fram á dönsku. Að nemandi þekki helstu matvörur á dönsku og læri orð sem tengist eldamennsku. Að námskeiði loknu á nemandi að útbúa rétt þar sem nemandi lýsir aðferðinni á dönsku.

Útbúin verða m.a. pølsehorn, smørrebrød, æblekage, pizzasnegle, wienerbrød og drømmekage.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Líkamsrækt

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Ólafur Snorri Rafnsson



Ert þú áhugalaus um boltaíþróttir en vilt hreyfa þig og stunda líkamsrækt? Í líkamsræktinni er boðið upp á góða hreyfingu sem auðveldar nemendum að komast í betra form hvað varðar styrk og úthald.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Knattspyrnuval fyrir stráka og stelpur

Í boði fyrir 8. 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Vilberg Sverrisson og Sigrún Bjarnadóttir íþróttakennarar



Þetta valfag veitir nemendum færni til að auka getu sína og útsjónarsemi í knattspyrnu.

Námsþættir: Upphitun - Liðleika/hreyfiteygjur – Þolþjálfun – Styrktarþjálfun – Leikskilningur – Leikfræði einstakling - Leikfræði liðs – Tækniþjálfun - Forvarnir

Leiðir: Sýnikennsla - Verklegar æfingar – Umræður – Hópavinna - Einstaklings vinna

Námsefni: Verklegar æfingar – Sýnikennsla – Boltar – Keilur – Mörk - Ýmis annar búnaður

Námsmat: Við lok áfanga á nemandi að geta eftirfarandi:

- Skipulagt upphitun og stjórnað henni
- Framkvæmt teygjur og hreyfiteygjur
- Spilað knattspyrnu í hópi
- Kunnað helstu undirstöðuatriði í leikreglum knattspyrnu
- Þekkt muninn á mismunandi aðferðum til að auka líkamsstyrk og þol
- Sett sér markmið til að auka getu sína og færni í knattspyrnu

ZUMBA

Í boði fyrir 8. 9. og 10 bekk

2 stundir á viku



Zumba er líkamsrækt sem er byggð upp á suðrænum tónlistartakti í bland við nýjustu lögin. Þú dansar en þarft ekki að kunna að dansa. Það geta allir verið með því sporin eru einföld og tónlistin grípandi. Zumba eru fyrir alla sem vilja skemmta sér vel, dansa við góða tónlist og sleppa fram af sér beislinu. Zumba er fyrir alla.

Dans

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir í 8 vikur, umsjón: Harpa Pálsdóttir



Dans stuðlar að því að styrkja hreyfigreind nemenda og hvetur þá til að hreyfa sig daglega og taka ábyrgð á eigin heilbrigði.

Markmið: Að nemendur geti samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu og dansað mismunandi dansform sér til ánægju.

Helstu viðfangsefni:

- Hópdansar
- Línudansar
- Freestyle

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Snyrtifræði og jákvæður lífsstíll

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir í viku, umsjón: Thelma Hermannsdóttir



Markmið:

- Að nemendur fái aukið sjálfstraust
- Að nemendur fræðist um aðferðir við förðun og kynnist starfi snyrtifræðings
- Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi eigin ábyrgðar á lífsháttum
- Að nemendur fræðist um meðhöndlun húðar og almennt hreinlæti

Mikið er lagt upp úr verklegum æfingum, bæði sem tengist snyrtifræðinni og svo sjálfstyrkingaræfingum. Einnig er hluti af kennslunni í fyrirlestrarformi en lögð áhersla á að nemendur séu virkir í tímum. Við endum valgreininna á lokaverkefni (auglýsingagerð, tískusýningu, stuttmynd eða einhverju öðru sem nemendum dettur í hug).

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Miðlalæsi (Tölvur og tæki)

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Andrés Ellert Ólafsson



Nemendur öðlast þekkingu og skilning á forritum til hljóð- og myndvinnslu til vinnslu á myndböndum og styttri sketchum/green screen forritum. Jafnframt efla nemendur færni sína í notkun netsins og annarra stafrænna miðla við vinnslu á verkefnum sínum. Læra að setja fram efni á myndrænan og lifandi hátt sem nýtanlegt er á samskiptamiðlum og/eða samskiptaforritum eins og t.d. Facebook, Snapchat, Instagram, Youtube og Yandex.

Vinnulag: Tölvuvinnsla/verkleg kennsla, einstaklings- og hópavinna, umræður og verkefni. Áhersla er lögð á samskipti, samvinnu og gagnrýna umræðu og að nemendahópurinn myndi öflugt námssamfélag. Hvatt er til að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í verkefnamiðuðu námi og læri að gefa af sér sem og leyfa öðrum að njóta.



Kennsluforrit:

After Effect – Particlellusion – Pinnacle – Mediator – Fireworks – Photoshop - FLStudio6 – Audacítý – MixCraft – MovieMaker , iSkysoft og önnur forrit að eigin vali.

Miðlar: Hljóðvinnsla - myndvinnsla/effects - forritun

Leseefni: Um forrit, forritun, samskipti, miðlun og upplýsingatækni.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.



Fjármálalæsi

Í boði fyrir 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Thelma Hermannsdóttir



Markmið:

- Að nemendur kynnist og þekki hugtök sem tengjast fjármálum eins og t.d. skattar, lífeyrissjóður, gjöld, persónuafsláttur.
- Að nemendur verði ábyrgari í eigin fjármálum.

Kennsluáferðir:

Fyrirlestrar frá kennara, verkefni í bók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara Verkefnin í bókinni eru t.d.:

- Við borgum skatta
- Hvað færðu útborgað?
- Uppsafnaður persónuafsláttur
- Af hverju borgum við í lífeyrissjóð?

- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Debetkort
- Kreditkort og raðgreiðslur
- Skuldabréfalán
- Að kaupa á Netinu
- Rekstur bíls
- Að eignast bíl
- Hverjar eru líkurnar?
- Hvað kostar þinn lífsstíll
- Hvað gerist ef þú borgar ekki?
- Þú ferð að búa – reka þitt eigið heimili

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Ökunám

Í boði fyrir 10. bekk

2 stundir á viku



Ökufræði – fornám að ökuþrófi fyrir 10. bekkinga þar sem miðað er við að undirbúa nemendur undir ökuþróf og æfingaakstur. Reynt er að gera námið áhugavert og skemmtilegt með krefjandi verkefnum, stuttum myndbrotum úr umferðinni sem fundin eru á netinu er varða kennsluefnið í bland við alvarleikann sem að baki þessu námi býr.

Markmið:

Að gera tilvonandi ökumenn hæfari að setjast í ökuskólann og í æfingarakstri þegar þar að kemur. Ennfremur verður farið í viðhorfsmótun gagnvart ölvunarakstri og hraðakstri.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Þýska 1

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku á haustönn, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir



Markmið að:

- Kynnast tungumálinu, Þýskalandi, sögu og menningu Þjóðverja.
- Nemendur öðlist grunnorðaforða í þýsku
- Þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- Nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- Nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum

Námsþættir

1. **kafli:** Að heilsa og kynna sig, spyrja létttra spurninga, nöfn fjölskyldumeðlima, stafrófið
2. **kafli:** Töluorð frá 1 – 20, símanúmer, talað í síma, einföld samtöl og skrifa einfaldan tölvupósttexta.

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði; nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

Námsefni: *Schritt A* les- og vinnubók; ásamt öðru völdu efni frá kennara s.s.myndum, blöðum og greinum og gagnvirkum æfingum af veraldarvefnum.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Þýska 2

Í boði fyrir 9. og 10. bekk sem hafa tekið þýsku 1 eða eru með einhverja grunnþekkingu.

2 stundir á vorönn, umsjón: Signý B. Guðmundsdóttir



Markmið að:

- Kynnast tungumálinu, Þýskalandi, sögu og menningu Þjóðverja.
- Nemendur öðlist grunnorðaforða í þýsku
- Þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- Nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- Nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum

Haldið verður áfram með sama námsefni og í þýsku 1

3. **kafli:** Samskipti innan fjölskyldunnar, hlustunarverkefni, bréfaskriftir.

4. kafli: Vinasamskipti, áhugamál, starfsheiti. Málfræði: persónufornöfn, núpálegar sagnir.

5. kafli: Skólinn og helstu námsgreinar. Málfræði: helstu námsgreinar, vikudagarnir, veikar sagnir og endingar þeirra.

6. kafli: Skólataskan og helstu ritföng. Málfræði: ákveðinn og óákveðinn greinir og nafnorð í fleirtölu.

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði. Nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

Námsefni: *Schritt A* les- og vinnubók; ásamt öðru völdu efni frá kennara s.s. myndum, blöðum og greinum og gagnvirkum æfingum af veraldarvefnum.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Spænska I og II

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Vilma Lily Hallgrímsson



Spænska er opinbert tungumál í 21 landi. Flest þeirra eru á meginlandi Ameríku og Spánn í Evrópu. Rómönsk menning er áhugaverð og gaman að læra um hana.

Markmið:

- Kynnast tungumálinu, sögu og menningu spænskumælandi þjóða.
- Nemendur öðlist grunnorðaforða og læra um tölustafi í spænsku.
- Þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta og skrifa á spænsku til að æfa sér til skilnings.
- Nemendur læra grunnatriði í spænskri málfræði.
- Nemendur læra að tjá sig með einföldum setningum.
- Nemendur læra í gegnum leiki og tónlist og að lokum gera kynningu á einhverju spænskumælandi landi.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Blaða- og fréttamennska

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Krístrún María Heiðberg



Hvernig á að skrifa fréttir og taka viðtöl? Útgáfa skólablaðs – fréttir úr skólalífinu (m.a. viðtöl við nemendur og kennara – hvað er að gerast?), fréttir úr bæjarlífinu, lýðræði í skólum, rödd nemenda.

Markmið:

- Skapandi starf
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Að virkja sjálfstæða og gagnrýna hugsun
- Aukin samfélagsvitund
- Að virkja ritfærni
- Að virkja málfærni
- Að auka orðaforða

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Staða kvenna

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Krístrún María Heiðberg



Konur – lýðræði og mannréttindi – staðalímyndir, konur í Mið-Austurlöndum, konur á Vesturlöndum, umskurður kvenna, lýtaaðgerðir – hvers vegna? Átröskunarsjúkdómar. Staða kvenna á vinnumarkaði, staða kvenna á heimilum, konur og sjálfstæði. Kúgun kvenna, frelsi kvenna, ímynd kvenna í fjölmiðlum, m.a. tónlistarmenningu o.fl.

Markmið:

- Að styrkja vitund nemenda um stöðu sína og umhverfi
- Að virkja gagnrýna hugsun
- Að virkja sjálfstæði
- Að styrkja sjálfsmynd
- Að styrkja félagsvitund og félagsfærni

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Lýðræði og mannréttindi

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Krístrún María Heiðberg



Erum við öll jöfn? Mannréttindasáttmálar, fjölmennung, fordómar, að setja sig í spor annarra, umburðarlyndi gagnvart þeim sem eru „öðruvísi,“ réttur okkar, lýðræði, tjáningarfrelsi – hvers virði er það? Okkar samfélag - uppbygging þess og grunnþættir, ólík samfélög.

Markmið:

- Að öðlast skilning á réttindum okkar
- Að öðlast skilning á réttindum annarra
- Að auka samfélagsvitund nemenda
- Að virkja sjálfstæða og gagnrýna hugsun
- Að auka umburðarlyndi

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Eðlisfræðival

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku. Umsjón: Fjalar Freyr Einarsson



Á námskeiðinu verður þekking nemenda í eðlisfræði og skyldum greinum dýpkuð. Tekin verða fyrir viðfangsefni sem ekki vinnst tími til að taka í hefðbundnum kennslutímum.

Mikil áhersla verður á verklega æfingar og tilraunir, eigin vinnu og verkefnavinnu. Nemendur fá að auka þekkingu sína og hæfni á sínu áhugasviði t.d. eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði og raffræði og fá tækifæri til að kynna og útskýra eigin rannsóknir og uppgötvanir.

Námskeiðið er kjörið fyrir nemendur sem ætla á raungreinasvið í framhaldsskóla.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Vinnustaðaval

Í boði fyrir 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Systa og Svava námsráðgjafar og Óðinn Pétur



Nemendur fá að taka þátt og fylgjast með á þeim vinnustað sem þeir fá úthlutað eða óska eftir. Fundnir vinnustaðir í samráði við námsráðgjafa og/eða deildarstjóra

Markmið:

- Að nemendur skilji betur kröfur og væntingar vinnumarkaðarins.
- Að nemendur fái innsýn inn í hin ýmsu störf.
- Að nemendur öðlist aukna þekkingu á starfsgreininni.

Námsmat: Vinnuveitandi gefur nemendum umsögn eftir önnina. Einnig gera nemendur skýrslu eftir hverja viku, sem skilað er í lok annar.

Spil og gaman

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Fjalar Freyr Einarsson



Nemendur spila gömul og ný spil, bæði borðspil og handspil. Nemendur kynna og kenna hverjir öðrum spil ásamt kennara. Markmiðið er að nemendur efli samskipti og félagsfærni. Þjálfaðir verða þættir eins og rökhugsun, rýmisgreind, stærðfræði, athygli, einbeiting og úthald.

Námsgögn: Hefðbundin spil, ýmis borðspil og leikir **Námsmat:** Einstaklingsmat þar sem tekið verður tillit til áhuga, virkni, ástundunar, hegðunar, vinnubragða og verkefnaskila.

Náms- og starfsfræðsla

Í boði fyrir 10. bekk

2 stundir á viku á **haustönn**, umsjón: Systa og Svava náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsfræðsla hentar þeim sem vilja bæta sig enn frekar í námi á lokaári sínu í grunnskóla og kynna sér hvað er í boði að loknum grunnskóla þegar kemur að vali á námi og/eða starfi.

Þessi valgrein er tvíþætt, annars vegar er fjallað um framhaldsskóla og áhugasvið og hinsvegar um ákvarðanatöku og markmiðasetningu með því markmiði að nemendur verði vel undirbúnir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um náms og störf í framtíðinni.

Helstu viðfangsefni:

- Markmiðasetning og ákvörðunartaka (mikilvægi þess að setja sér raunhæf markmið og læra að vega og meta kosti og galla).



- Framhaldsskólar, (t.d. hvaða skólar kenna hvað, hver er munurinn á áfanga- og bekkjarkerfi og hvað hentar hverjum).
- Bók- og verknám (kynningar á hvoru tveggja).
- Áhugasvið (teknar áhugasviðskannanir og unnið með þær).
- Starfsfræðsla með áherslu á að kynna sér störf og vinnustaði (farið í heimsóknir).
- Trú á eigin getu og hæfni (sjálfsstyrking).
- Farið í starfskynningar og heimsóknir.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Námstækni

Í boði fyrir 10. bekk

1 stund á viku á **haustönn**, umsjón: Systa og Svava náms- og starfsráðgjafar

Markmið:

Að nemendur læri árangursríkar námsaðferðir sem geta bætt frammistöðu í námi og námsárangur.

Helstu viðvangsefni eru:

- Skipulag á tíma og verkefnum
- Námsvenjur og námsaðstæður
- Minnistækni og einbeiting
- Lestrar- og glósuaðferðir
- Prófaundirbúningur og prófataka
- Lífsvenjur sem hafa áhrif á árangur í námi.
- Sjálfstraust og trú á eigin getu

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá



Heimanám

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

1 stund á viku, umsjón: Hersteinn Kristjánsson/Rakel Jónsdóttir



Heimavinnunám fer fram í skólanum. Ætlast er til að nemendur nýti sér þetta sem aðstoð við að sinna sínu námi sem best undir handleiðslu kennara. Þetta val er gott fyrir þá sem þurfa aðstoð og leiðbeiningu við skipulagningu og fleira. Aðstoð verður veitt í öllum bóklegum greinum.

Markmið:

Að nemandinn fái aðstoð við heimanám, njóti ákjósanlegrar aðstöðu við námið ásamt leiðsögn og hvatningu.

Hugur og heilsa

Eingöngu í boði fyrir 9. bekk

2 kennslustundir á viku á vorönn, umsjón: Skólasálfræðingur



Lýsing:

Hugur og heilsa er námskeið sem gerir þátttakendur hæfari til að takast á við vandamál daglegs lífs og nýtist þeim almennt í lífinu. Það miðar að því að styrkja þá sem einstaklinga og í því felst töluverð sjálfsskoðun. Meðal þess sem farið er yfir má nefna að setja sér markmið, tengsl eigin hugsana, hegðunar og líðan, hvernig við sjáum okkur sjálf, hvernig við getum stýrt eigin tilfinningum og líðan með því að finna lausn á málum í samskiptum við aðra.

Markmið:

- Að nemendur læri aðferðir sem nota má til að takast á við þau verkefni sem unglingar fást við í daglegu lífi og bætt geta líðan
- Að efla og auka jákvæða hugsun
- Að styrkja sjálfsmýnd nemenda
- Að nemendur séu meðvitaðir um hvernig þeir geta stjórnað líðan sinni
- Að styrkja félagslega hæfni og að nemendur kunni aðferðir sem bæta samskipti og auðvelda þeim að takast á við erfiðleika sem upp kunna að koma í daglegum samskiptum og finna úrræði þegar þess er þörf

Námsmat: Námskeiðinu telst lokið séu mætingar ekki undir 85%. Ekki eru sérstök próf en gerð er krafa um að nemandi skili heimavinnu og taki virkan þátt í öllum kennslustundum.

Framhaldsskólaáfangar í fjarnámi

Í boði fyrir 10. bekk



Nemendur sem hafa góð tækni á námi sínu og vilja flýta fyrir sér í framhaldsskóla geta tekið áfanga í t.d. stærðfræði, tungumálum, upplýsingatækni. Fjarnám er algjörlega ábyrgð nemenda sjálfra og foreldra. Frekari upplýsingar veita náms- og starfsráðgjafar og nemendur þurfa að fá samþykki deildarstjóra/skólastjóra fyrir fjarnámi.

Sjá nánar á heimasíðu Fjölbrautarskólans við Ármúla: <http://www.fa.is/fjarnam>

Valgreinar í boði skólaárið 2016-2017

ALLT árið

Málmsmíði

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk, kennt í Borgarholtsskóla
3 stundir á viku.



Nemendur sem sækja nám í málm-tækni í Borgarholtsskóla geta nýtt sér þetta nám til eininga ef þau hyggja á nám í Borgarholtsskóla.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefslóðinni:

http://www.bhs.is/egill/egill/htm_sidur/grunnskoli.htm

Skólahreysti

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Ólafur Snorri íþróttakennari



Skólahreysti er grunnþjálfun fyrir greinarnar sem Skólahreystikeppni grunnskólanna byggir á. Nemendur kynnast mikilvægi þess að stunda heilsusamlega hreyfingu og lífa heilbrigðu lífi. Kennslan er fyrst og fremst verkleg.

Markmið að:

- Nemendur öðlist þekkingu á þeim þáttum sem stuðla að heilsusamlegu lífni.
- Auka þekkingu nemenda á mikilvægi hreyfingar.
- Nemendur kynnist og æfi keppnisgreinar Skólahreystinnar.
- Nemendur kynnist uppbyggingu þjálfunarátvæðna.

Námssmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Íþróttافرæði

Í boði fyrir 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Siggeir Magnússon íþróttakennari



Íþróttافرæði er kjörin fyrir þá sem hafa áhuga á íþróttum. Farið er í undirstöðuatriði íþróttakennslunnar og fá nemendur tækifæri á að spreyta sig á gerð tímaseðla og stjórna verklegum tímum. Yfir veturinn er nemendum kynntar sem flestar íþróttagreinar ásamt því að fara í hinar ýmsu vettvangsferðir.

Markmið og hæfnisviðmið með valfaginu er að nemandinn:

- Öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. næringar, hreyfingar og þjálfunarpúls.
- Taki þátt í hópverkefnum þar sem krafist er samvinnu við undirbúning og framkvæmd tíma og stjórn kennslustund.
- Kunni skil á helstu hugtökum þjálfraðinnar eins og mikilvægi upphitunar, þoli, krafti, hraða, samhæfingu og liðleika.

Kennslustaðir: Íþróttahús, íþróttavellir, fimleikasalur, kennslustofur og vettvangsferðir.

Námsmat: Samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Útivist

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Hersteinn Kristjánsson

ATH! nauðsynlegt að eiga/hafa aðgang að reiðhjóli.



Tímunum verður skipt upp í umræðu- og fyrirlestrartíma annars vegar og svo vettvangsferðir hinsvegar. Í fyrirlestrum verður farið í undirbúning og útbúnað fyrir lengri og styttri ferðir. Kannað áhugasvið nemenda og vettvangsferðir að einhverju leyti skipulagðar með tilliti til þess. Stuðst verður við bækurnar *Ferðafélaginn* og *Ferðir á fjallahjólum* ásamt ýmsum bæklingum og bókum sem tengjast viðfangsefninu. Fjallað verður um hættur á fjöllum og mikil áhersla lögð á öryggi og að nemendur bregðist rétt við þeim aðstæðum sem upp kunna að koma.

Verkefni/vettvangsferðir:

- Hjólaferð til Reykjavíkur þar sem náttúra Elliðaárdals verður skoðuð ásamt, Öskjuhlíð, Elliðavatni og Heiðmörk.
- Gönguferð á Esjuna.
- Hjóla/hellaferð í Bláfjöll þar sem gist verður eina nótt í Framskála eða Breiðabliksskála.
- Hjólaferð/veiðiferð að Hafravatni/Leirvogsvatni.
- Heimsókn í klifurhúsið, jafnvel hjólað þangað.
- Hjólað í Egilshöll og farið á skauta.
- Skíðaferð í Bláfjöll ef og þegar aðstæður leyfa.
- Hjólaferð inn Varmadal og jafnvel upp að Tröllafossi ef úthald og veður leyfir.
- Undir vor er farið í Þórsmörk og gist þar eina nótt eða tvær og farið í göngur í nágrenninu.

Fjölmarginna kemur til greina og fer það svolítið eftir áhuga nemenda, eins væri til dæmis gaman að fara í gönguskíðaferð ef nemendur eiga eða hafa aðgang að réttum útbúnaði.

Körfuboltaval

Í boði fyrir 8.,9.og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Sævaldur Bjarnason



Valið verður tvískipt, annarsvegar farið í verklegar æfingar og hinsvegar bóklegt nám þar sem farið er yfir sögu körfuknattleiks í heiminum, uppruna og helstu útbreiðslu, hvenær hann hófst á Íslandi og hvernig þróunin hefur verið í gegnum árin hér heima. Tölfræði er stór hluti af körfuknattleik bæði hér heima sem erlendis. Kynnt verður hvernig þessi tölfræði virkar og eins dómgæsla í körfuknattleik.

Einnig verður reynt að fara á leik í efstu deild karla eða kvenna til þess að sjá og fylgjast með þeim bestu spila.


Verkleg kennsla: Farið verður yfir helstu undirstöðuatriði körfuknattleiks bæði í vörn og sókn. Sóknarlega verður lögð á hersla á að ná tókum á skottækni og eins að drippla boltanum svo hægt sé að leika með hann. Varnarlega verða kenndar grunnvarnarstöður, hreyfingar og annað sem gott er að kunna. Skotleikir og ýmsir leikir eru partur af hverri æfingu þannig að hver verklegur tími mun síðan enda á spili.

Bókleg kennsla: Farið eins og fyrr segir yfir sögu körfuknattleiks í víðu sem smáu samhengi. Leikmenn kynntir og eða lið kynnt, tölfræði, dómgæsla og annað sem viðkemur körfuknattleik á Íslandi sem og í heiminum. Að loknu námskeiði verður síðan tekið stöðumat með bóklegu prófi og loks verklegu prófi. Allir sem eru áhugasamir um íþróttir munu hafa gaman af þessu valfagi.

Myndmennt

Í boði fyrir 9. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir




Nemendur læra grunninn í almennri teikningu, t.d. skyggingar, fjarvídd og hlutateikningar. Við lok áfanga hafa nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum, þroskað með sér frumkvæði og skapandi og gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna.

Námsmat: Hver kennslustund er metin og er þá horft til áhuga, vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni og jákvæðni. Verkefni sem unnin eru, eru metin í lokin samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Myndmennt

Í boði fyrir 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir



Nemendur styrki grunninn í almennri teikningu, málun, fjarvídd, skyggingar, módel og hluta-teikningum ofl. Við lok áfanga hafa nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum, þroskað með sér frumkvæði og skapandi og gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna. Sjálfsmýnd (málverk á striga) er lokaverk áfangans og sýning á útskrift 10. bekkja um vorið.

Námsmat: Hver kennslustund er metin og er þá horft til áhuga, vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni og jákvæðni. Verkefni sem unnin eru, eru metin í lokin samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Leiklist

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón Agnes Wild leikstjóri



Markmið:

Að nemandinn þjálfist í framkomu, framsögn og spuna. Ýtt er undir frumleika í hugsun og verki og sjálfsmynd hvers og eins eflid. Í leiklist er unnið með spuna og ýmiskonar leiki og gert ráð fyrir að nemendur standi upp, hreyfi sig og taki þátt í öllum tímum. Ekki er gerð krafa um að hafa leikið áður.

Nánari námskeiðslýsing og kennsluáætlun birt að hausti.

Námsmat: Ástundun og virkni/sýning samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Tónlistarval

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku



Markmið:

Að nemendur fái þjálfun í hljóðfæraleik, læri að spila saman sem hljómsveit og kynnist notkun mismunandi hljóðfæra. Að þeir kynnist ólíkum tónlistarstefnum, upptökuforritum og geti spilað opinberlega.

Nánari námskeiðslýsing tilbúin að hausti.

Námsmat: Ástundun og virkni/sýning samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Fantasiur og vísindaskáldskapur

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk



2 stundir á viku, umsjón: Kristín Ásta Ólafsdóttir

Fjallað verður um fantasíubókmenntir af ýmsum toga, t.d. Hringadróttins sögu, Hobbitann, Harry Potter, Hungurleikana og annað sem nemendur kunna að hafa áhuga á eftir því sem tími vinnst til. Auk þess verður fjallað um ævintýra heima DC og Marvel og myndasögur af ýmsum toga. Nemendur fá að hafa áhrif á námsefnið.

Farið verður yfir uppruna og tengsl ævintýra víða um heiminn og drepið á byggingu þeirra og hlutverkum persónanna. Fjallað verður um ýmsa ævintýraheima og höfunda og tengsl þeirra skoðuð með tilliti til áhrifa frá öðrum ævintýrum og þegar hægt er rætt um tengingu við Ísland og íslenskar fornbókmenntir. Þegar því verður við komið verður fjallað um tengsl milli bóka, tímarita og kvikmynda eða sjónvarpsþátta auk þess sem fjallað verður um kvikmyndatónlist.

Einnig verður unnið með vísindaskáldskap og má þar helst nefna, Star Wars, Star Trek og Stargate. Fjallað verður um vísindaskáldskap almennt og ólíkir heimar bornir saman og tengsl þeirra við ævintýri og fornaldarsögur skoðuð.

Nemendur verða að treysta sér til að lesa a.m.k. tvær bækur auk brota úr öðrum sögum og styttri ævintýri bæði á ensku og íslensku. Töluvert verður unnið með kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

Námsmat. Bókrýni/kvikmyndarýni, þátttaka í kennslustundum auk ýmissa hópa- og einstaklingsverkefna samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá

Árbók

Í boði fyrir 10. bekk

1 stund á viku, umsjón: Elísabet Stefánsdóttir




Kennd eru grunnatriði í uppsetningu á árbók, eldri bækur skoðaðar. Hópa- og samvinna er afar mikilvæg þar sem ákveðið er útlit, þema og verkaskipting. Við lok áfanga hafa nemendur í sameiningu og samstarfi, hannað og unnið að árbók útskriftarhóps skólans, safnað auglýsingum og styrkjum til útgáfu bókarinnar.

Námsmat: Hver kennslustund er metin og er þá horft til áhuga, vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni og jákvæðni. Verkefni sem unnin eru, eru metin í lokin samkvæmt hæfniviðmiðum úr skólanámskrá.

Stuðningur í stærðfræði

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk.

1 stund á viku, umsjón: Hersteinn Kristjánsson/Rakel Jónsdóttir



ATH! Eingöngu í boði fyrir nemendur sem hafa fengið lægra en 6 í einkunn á prófi og telja sig þurfa á stuðningi að halda.

Markmið:

Að ná valdi á aðferðum í stærðfræði. Hver nemandi fær mat á stöðu sinni í upphafi annar. Að því fengnu fylgir áætlun og námsefni tengt henni.

Nemendur taka stöðupróf jafnt og þétt svo hægt sé að endurmeta framvindu.



Félagsstarf

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

1 stund á viku, umsjón: Kristjana Hafliðadóttir og Hanna María Helgadóttir

Boðið verður upp á félagsstarf sem valgrein. Námið sem slíkt byggist á virkri þátttöku nemenda í félagsstarfi skólans. Nemendur taka þátt í skipulagningu og framkvæmd ýmissa atburða sem haldnir eru **utan** skólatíma. Mikilvægt er að nemendur séu meðvitaðir um sína ábyrgð í að gera jákvæðan skólabrag og að þeir nemendur sem velja þetta séu til fyrirmyndar.

Markmið:

Að nemandinn fái að njóta sín og að lýðræðislegum leikreglum sé fylgt. Nemandinn taki virkan þátt í ákvarðanatöku um félagsmálin og læri að bera ábyrgð á því starfi sem þeir taka þátt í. Markvisst verður unnið að forvörnum og fræðslu og mikil áhersla lögð á vináttu og virðingu.

Skólahljómsveit

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku

Markmið að:

- Þjálfa færni og framkomu í tónlistarflutningi
- Skapa áhuga á fjölbreyttri tónlist
- Þjálfa samhæfingu og samskipti í flutningi

Námið felst í einkakennslu og samæfingum hljómsveitarinnar.



Skólakór

Í boði fyrir 8., 9. og 10. bekk

2 stundir á viku, umsjón: G. Ómar Óskarsson

Kórastarf er mikilvægur þáttur í tónlistaruppeldi en helstu markmið eru að:

- Stuðla að fagurfræðilegri upplifun þátttakenda í margradda söng
- Efla félagsþroska og vinna saman að ákveðnum markmiðum
- Koma fram með vandaðan söng við ákveðin tækifæri í bæjarfélaginu og víðar, m.a. með tónleikahaldi

Skólakór Mosfellsbæjar var formlega stofnaður árið 1979. Kórinn er skipaður börnum og unglingum frá 8-16 ára og starfar hann í þremur deildum sem eru aldursskiptar en þó skarast starf deildanna með ýmsum hætti. Skólakórinn tekur þátt í landsmótum íslenskra barnakóra sem haldin eru annað hvert ár.

